

LYKILÁHRIF Á LESTRARHVÖT

Kennarar og foreldrar þekkja það vel hversu erfitt getur verið að fá börn til að lesa og hafa eflaust velt því fyrir sér hvaða leiðir sé hægt að fara til að vekja áhuga á bókum og bókalestri hjá ungvíðinu. Í bókinni *No more reading for junk* setur Linda Gambrell (2016) fram líkan sem hún kallar The ARC of Motivation (áhugabogann) og dregur þar saman mikilvæg atriði sem geta stuðlað að auknum áhuga á lestri. Þessi atriði eru **aðgengi**, **gildi textans fyrir nemandann** og **val**. Undir hverjum lið eru tilgreindar leiðir sem kennarar og foreldrar geta nýtt sér til að efla lestraráhugann.

Aðgengi

Með aðgengi er átt við að nemendur þurfi aðgengi að lesefni, aðstæður til að lesa (tíma og rými) ásamt tækifæri til að ræða um það sem lesið er. **Lesefni** þarf að vera mikið og fjölbreytt, bæði efnis- tók og þyngdarstig. Skapa þarf réttar **aðstæður** fyrir lestur, t.d. með daglegu tækifæri til að lesa í skóla því meiri lestur leiðir til betri námsárangurs (Fisher og Frey, 2018). Einnig þarf að huga að svigrúmi til **umræðna** því það er mjög mikilvægt að veita nemendum tækifæri til að ræða um þá texta sem þeir lesa.

Leiðir

Hvatning: Hvetjið nemendur til að lesa, sýnið áhuga á því sem þeir eru að lesa og verið lestrarfyrir- mynd.

Mælt með bók: Eitt af því sem hvetur nemendur til lestrar er kennari sem er mjög áhugasamur um lestur. Þegar kennari dregur athygli nemenda að bók með einhverjum hætti er líklegra að þeir lesi hana. Veljið 10–12 bækur eða annað lesefni sem þið haldið að nemendur ykkar gætu haft gaman af. Þetta krefst auðvitað þess að kennarar fylgist vel með útgefnu efni fyrir börn! Athugið að mæla með fjölbreyttu efni s.s. skáldsögum, ljóðabókum, tímaritum, fræðiefni, vefsíðum og dagblöðum. Kynnið efnið og segið frá því hvers vegna það höfðaði til ykkar. Að kynningu lokinni væri hægt að stilla les- efninu upp og leyfa nemendum að velja en líklegt er að vinsældir verði svo miklar að biðlisti myndist!

Nemendur gætu einnig mælt með lesefni fyrir jafningja sína en það krefst dálítillar þjálfunar og sýni- kennslu af hálfu kennara. Nemendur gætu fjallað lítillega um höfundinn, um söguþráð, greint frá sögupersónum og öðru sem vekur athygli þeirra. Í þessu sem öðru skapar æfingin meistaran (Fisher og Frey, 2018).

Einstaklingsboð um lestur: Veljið efni með ákveðinn nemanda í huga (t.d. út frá áhugakönnuninni sem finna má á *Læsisvefnum*) og bjóðið viðkomandi nemanda til lestrarstundar með ykkur.

Myndrænt viðtal: Í stað hefðbundinnar bókagagnrýni svarar nemandi spurningum frá kennara (eða jafningja) með myndrænum hætti, annað hvort með því að teikna mynd eða taka ljósmynd. Spurning- arnar gætu t.d. verið: Hver var uppáhaldsbókin þín í leikskóla? Hver er uppáhaldshöfundurinn þinn? Hvað langar þig að lesa um næst?

Val á bókum fyrir bókasafnið: Bækurnar á bókasafninu eru fyrir nemendur og því sjálfsagt að leyfa þeim að koma að því að velja eitthvað af þeim bókum sem keyptar eru. Ýmsar leiðir eru færar til að leyfa nemendum að hafa eitthvað um það að segja hvaða bækur eru keyptar á bókasafnið. T.d. er hægt að nota niðurstöður áhugakannana, velja nemendur í bókasafnsnefnd eða leyfa öllum að koma með hugmyndir að efni til að kaupa.

Staðreyndaathugun: Efla má athygli og skilning nemenda með því að láta þá svara spurningum úr efni áður en þeir lesa það. Kennari hefur tilbúna nokkrar staðreyndaspurningar sem nemandi svarar með satt (hægt að nota tákn ☺), ósatt (hægt að nota tákn ☹) eða ég er ekki viss (hægt að nota spurningarmerki). Á meðan á lestrinum stendur reynir hann svo að finna raunveruleg svör við spurningunum og skráir hjá sér bæði rétt svar og hvar hann fann það. Staðreyndaathugun getur bæði styrkt fyrri þekkingu og leitt til nýrrar vitneskju.

Gildi fyrir nemandann

Mikilvægt er að lesefnið hafi gildi fyrir nemandann og veki áhuga hans. Til að komast að því hvers konar efni nemandinn hefur áhuga á að lesa er snjallt að leggja fyrir áhugakönnunina. Textinn þarf vera á hæfilegu þyngdarstigi, þ.e.a.s. ekki of léttur heldur reyna aðeins á nemandann án þess að vera of þungur. Hann þarf einnig að tengjast raunverulegum hugðarefnum nemandans þannig að hann skilji og tengi við það sem lesið er. Ef lesefnið er of fjarlægt raunveruleika nemanda er hætt við að hann missi áhuga á lestrinum. Lesturinn þarf að hafa einhvern tilgang og tengjast bakgrunnsþekkingu nemandans.

Leiðir

Eflið upplifun nemenda af lestri: Lykillinn að því að efla áhuga á lestri er að þekkja nemendur sína vel. Með því að höfða til áhugamála þeirra aukast líkur á lestri. Verið dugleg að kynna lesefni fyrir nemendum sem þið teljið að veki áhuga þeirra, fáið aðra kennara og skólustjórnendur til að koma í heimsókn og kynna sínar uppáhaldsbækur sem þeir telja að veki áhuga nemenda. Lesið upp úr spennandi bókum sem fanga athyglina.

Verið meðvituð um og gleðjist yfir lestri nemenda: Reynið að efla tengingu milli lesturs heima og í skólanum. Forvitnist um hvað nemendur eru að lesa í frítíma og hvað foreldrar lesa fyrir börnin sín. Hvetjið nemendur til að segja frá bókum sem þeir lásu heima eða lesnar voru fyrir þá.

Bókakynning á samfélagsmiðlum: Hægt er að búa til leshringi og bókaklúbba á samfélagsmiðlum þar sem nemendur á efri stigum skiptast á upplýsingum um bækur sem þeir lesa.

Bókaklúbbur: Samræður um ákveðið lesefni eru mikilvægar því þær auka áhugann á lestrinum. Í bókaklúbba má ræða lesið efni og tilvalið að vera með fjölbreytta klúbba þar sem mismunandi efni er tekið fyrir s.s. spennusögur, ævintýri, ljóð, myndasögur, vísindaskáldsögur, höfundarverk o.s.frv.

Virk hlustun: Kennarar verða að gefa sér tíma til að hlusta á alla nemendur segja frá því sem þeir eru að lesa. Hlustun er nauðsynleg til að vekja og viðhalda áhuga nemenda á lestri.

Hver veit? Með því að nota netið til að dýpka þekkingu og tengja rannsóknir við það sem nemendur eru að lesa í bókum í kennslustofunni má hjálpa nemendum að sjá tengingu lesturs við veruleikann, að leita lausna og rannsaka. Hér er tilvalið að flétta ritun við lesturinn.

Val

Líklegt er að nemendur fáiast frekar til að lesa ef þeir geta haft áhrif á val á lesefni. Val á lestraraðferð, verkefnalausnum, vinnufélaga og hvar og hvernig er lesið (standandi, liggjandi, sitjandi) ýtir einnig undir áhuga nemenda á því að lesa. Þetta geta kennarar nýtt sér þegar áhugalausir lesarar eru annars vegar.

Leiðir

Virðið val nemenda: Það er mikilvægt að fagna öllu sem nemendur vilja lesa og veita þeim frelsi til að ákveða sjálfir hvað þeir lesa. Þjálfði þá í að meta þyngdarstig texta í stað þess að fullyrða að hann sé ekki við þeirra hæfi. Þeir átta sig fljótlega ef þeir ráða ekki við lesefnið. Kennið þeim að temja sér að lesa á bókarkápuna til að átta sig á hvort efnið höfðar til þeirra.

Þjóðið upp á val þegar kennari les: Leyfið nemendum að hafa eitthvað um það að segja hvaða bækur verða fyrir valinu.

Val um hvað, hvenær og hvernig: Það er mikilvægt fyrir áhugann og sjálfstæði nemenda að þeir hafi val um lesefni og hvar þeir lesa (í sæti, á dýnu, á gólfi, í tjaldi, með teppi, frammi, úti, inni o.s.frv.). Einnig þurfa nemendur að fá að velja hvernig þeir lesa og hvernig standa á skil á lestrinum: Lestrar-dagbók, ritgerð, glósur, gátlisti, skráningarhefti, kvittanahefti o.s.frv. Leyfið jafnframt nemendum sjálfum að koma með hugmyndir.

Óhefðbundnar bókakynningar: Finnið leiðir til að vekja athygli á lesefni með mismunandi hætti. Framsetning á skemmtilegri bók getur skilið á milli þess hvort hún vekur áhuga nemenda eða ekki. Hér er tilvalið að fá bókasafnsfræðinginn eða skólasafnakennarann í lið með sér.

Brú heim: Reynið að koma á samskiptum við foreldra um lestur nemenda heima, þið getið jafnvel bent foreldrum á efni sem þið teljið að börnin gætu haft áhuga á.

Tákn eða tjákn (emoji) fyrir lestur: Táknkerfi fyrir upplifun af lestri getur kveikt áhuga hjá nemendum. Í staðinn fyrir að skrifa um bækur er hægt að gefa bókum tákn eða tjákn.

Heimildir

Fisher D. og Frey, N. (2018). Raise reading volume through access choice, discussion and book talks. *The Reading Teacher*, 72(1), 89-96.

Marinak, B. A. og Gambrell, L. B. (2016). What we know about reading motivation, and what it means for instruction. Í Nell K. Duke og Ellin Oliver Keen (ritstj.) *No more reading for junk. Best practices for motivating readers*. Portsmouth, NH: Heineman.